

Frisbígolffélag Reykjavíkur í Grafarholti

Frisbígolfvöllur og önnur aðstaða FGR – Íþróttaaðstaða og lýðheilsuverkefni á Grænu plani

Efni:

- **Tillaga um stækkun frisbígolfaðstöðu í Grafarholti**
- **Um FGR**
- **Fylgiskj. skýringarmyndir**
- **Fylgiskj. Verklýsing vallarframkvæmda frá 2019**
- **Fylgiskj. Frisbígolf í Reykjavík, stutt samantekt**
- **Fylgiskj. Frisbígolf í Reykjavík, fjöldi iðkenda**



Reykjavíkurborg

Borgartún 12-14, 105 Reykjavík

Frisbígolffélag Reykjavíkur í Grafarholti

Frisbígolfvöllur og önnur aðstaða FGR – Íþróttaaðstaða og lýðheilsuverkefni á Grænu plani

Tillaga um stækkun frisbígolfaðstöðu í Grafarholti

Frisbígolffélag Reykjavíkur óskar eftir skipulögðu framtíðarsvæði félagsins í Grafarholti/Leirdal og heimild til að byggja upp aðstöðu til æfinga og keppni sem jafnframt nýtist almenningsi.


Lagt er til:

- A. Að frisbígolfvöllurinn í Grafarholti verði stækkaður** úr 9 í 18 brautir í samræmi við tillögu að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar þar sem gert er ráð fyrir svæði fyrir frisbígolfaðstöðu.
- B. Að bætt verði æfingaaðstaða í botni Leirdals**, á slegnum og sléttum íþróttavelli sem nýttur er til æfinga. Framkvæmdin felur í sér uppsetningu teiga með gerfgrasi við enda vallarins, merkikeila með fjarlægðarmerkingum úti á vellinum sjálfum og festinga á vellinum fyrir færanlegar hindranir sem notaðar eru við æfingar.
- C. Að brautir í botni Leirdals verði afmarkaðar**, þar sem þær liggja eftir hluta slegna vallarins. Framkvæmdin felur í sér gróðursetningu trjáa til að afmarka brautina að norðanverðu, uppbyggingu körfustæðis/flatar við enda brautarinnar og stígagerð.
- D. Að settur verði upp 6-9 brauta þúttvöllur** sunnan og vestanvert á slegna svæðinu og mön sunnan við það. Völlurinn þjónar bæði fjölskyldufólki til skemmtunar og yngri- og eldri spílurum til æfinga. Íbúar hverfisins og nærliggjandi hverfa myndu njóta mjög góðs af léttum, laglegum og skemmtilegum velli af þessari gerð.
- E. Til skemmri tíma: heimild til afnota FGR af Þorláksgesla 51** fyrir starfsemi félagsins og heimild til uppsetningar geymsluhúsnæðis/skrifstofugáms við norður- eða suðurenda hússins fyrir áhöld og aðstöðu.
- F. Til lengri tíma: heimild eða fyrirheit um heimild til að þróa húsnæðið að Þorláksgesla 51** með framtíðarþarfir í huga og mögulega afdrep fyrir litla verslun með þjónustu og búnað til frisbígolfdikunar og léttar veitingar eins og tíðkast í íþróttahúsum/íþróttamiðstöðvum.

Áætlaður kostnaður við liði A-D er 30 milljónir króna. Æskilegt er að hefja framkvæmdir nú þegar og ljúka fyrsta áfanga sumarið 2021 (hönnun og uppsetningu brauta með einum teig á hverri braut. Í framhaldi verði ráðist í aðra liði framkvæmdarinnar sem ljúka mætti á tveimur árum).

Varðandi lið E og F er óskað eftir viðræðum um kostnað, kostnaðarþátttöku og þjónustuskyldu FGR og möguleika á fjármögnun viðhalds og uppbyggingar með sjálfsaflafé FGR og tekjum af rekstri vallarins, t.d. með innheimtu vallargjalds.

F.h. Frisbígolffélags Reykjavíkur



Ólafur Haraldsson, formaður

Frisbíggfélag Reykjavíkur í Grafarholti

Frisbíggfvöllur og önnur aðstaða FGR – Íþróttaaðstaða og lýðheilsuverkefni á Grænu plani

Frisbíggfélag Reykjavíkur

Frisbíggfélag Reykjavíkur (FGR) er íþrótt- og hagsmunafélag þeirra sem stunda frisbígg í Reykjavík. Félagið er stofnað í kjölfar þess að **Alþjóða Ólympíunefndin viðurkendi frisbígg sem íþróttgrein árið 2016**. Félagið stendur fyrir æfingum og keppni í frisbígg, sinnir fræðslu og kennslu fyrir almenning bæði á eigin vegum og í samstarfi við önnur íþróttafélög, frístundamiðstöðvar, skóla og stofnanir. Auk þess sinnir starfsfólk félagsins viðhaldi og umhirðu á frisbíggfvöllum, einkum í Grafarholti og Gufunesi. Félagið er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Undanfarin ár hefur starfsfólk félagsins kynnt frisbígg fyrir hundruðum barna á hverju sumri og kennt bæði á eigin námskeiðum og sem hluta af sumarnámskeiðum Fram og Þróttar. Starfsfólk og sjálfboðaliðar FGR hafa og leiðbeint og kennt á fjölmörgum námskeiðum og viðburðum skóla, foreldrafélaga, frístundamiðstöðva og íbúasamtaka í Reykjavík. Í ljósi stuðnings borgarinnar við félagið hefur þessi þjónusta verið án endurgjalds.

Á vegum FGR eru haldin þrjú stór mót yfir sumartímamann og vikuleg deildarkeppni fyrir byrjendur, börn og afreksfólk í greininni. Sumarið 2020 tóku yfir 500 einstaklingar þátt í keppni á vegum félagsins og var heildarþátttaka í skipulögðum mótum 1.750 manns.

Kept er í frisbíggfelli allan ársins hring hérlendis. Yfir vetrartímamann eru vikulegar æfingar félagsins innan dyra, nú í íþróttasal Fellaskóla og Egilshöll.

Skráðir félagar eru um 150 talsins og fjölga hratt. Stærstur hluti þeirra stundar æfingar og keppni og eru félagsgjöld árið 2021 20.000 kr. Stefnt er á að fjöldi skráðra félaga verði 500 innan fimm ára ef áætlanir um uppbyggingu aðstöðu ganga eftir. Slik fjölgun myndi þýða gjörbreytt landslag í fjármögnun starfseminnar og rekstri/uppbyggingu mannvirkja.

Samkvæmt Neyslu- og lífsstílskönnun Gallup spiluðu yfir 20.000 Reykvíkingar frisbígg á síðasta ári. **Um 50% Reykvíkinga á aldrinum 18-24 ára spiluðu frisbígg** og fjórðungur þess aldurshóps spilaði oft, stundaði íþróttina. **Um 45% Reykvíkinga á aldrinum 25-36 ára spiluðu frisbígg á síðasta ári**, stór hluti oft. Aðstaða til frisbíggfíðkunar í borginni er langt frá því að anna eftirspurn og fjöldi iðkenda vex hratt.

Aðstaða félagsins

FGR hefur afnot af aðstöðu í húsnæði ÍTR að Þorláksgæisla 51 ásamt skokkhópi Fram og til skamms tíma bogfímifélaginu Freyju og nýtir Leirdal til æfinga og námskeiða. Félagið hefur engan formlegan, fastan samastað. Fast aðsetur og svæði til framtíðaruppbyggingar skiptir sköpum fyrir starfsemi félagsins og möguleika þess til vaxtar. Vegna mikils vaxtar er þörf félagsins fyrir sérstaka aðstöðu fyrir félagsstarf, áhaldageymslur, veitingaaðstöðu og salerni afar brýn.

Aðstöðuþörf

Allir frisbíggfvöllir borgarinnar eru nú í almenningsgörðum eða á opnum svæðum í bland við aðra umferð og notkun. Um leið og bæta þarf afkastagetu og umgjörð almenningsvallanna er **afar brýnt að bæta úr aðstöðuskorti fyrir íþróttina og skilgreina svæði þar sem frisbígg hefur forgang á aðra notkun eða umferð**.


a. Frisbíggfvöllur sem uppfyllir skilyrði til keppni í íþróttinni. Slikur völlur nýtist jafnframt öllum almenningi líkt og gildir um velli fyrir boltagolf. Velli sem uppfylla keppnisskilyrði bjóða upp á lengri brautir og þar þarf að vera salernisaðstaða og húsaskjól.

b. Æfingaaðstaða. Sléttlendi þar sem hægt er að æfa lengri köst (120-150 m), nákvæmnisköst og stutta spilið með hindrunum, æfingateigum og þúttkölfum.

c. Aðstöðuhús fyrir búnað og verkfæri auk aðstöðu fyrir fundi, mótsstjórn, nestis- og hreinlætisaðstöðu á sumarnámskeiðum og æfingum, húsaskjól í vetrarstarfi.

Svæðið í Leirdal/Grafarholti hentar að mörgu leyti vel til uppbyggingar en krefst þess jafnframt að leyst verði úr málum sem varða aðra starfsemi og notkun á svæðinu. Samkvæmt rammaskipulagi Austurheiða er gert ráð fyrir að aðalleið á útivistarsvæði Hólmsheiðar verði frá Reynisvatni. Það myndi auðveldla framkvæmdir sem miða að því að einangra gönguleiðir og umferð gegn um svæðið í Leirdal.

Í Gufunesi er nú eini vísirinn að boðlegum, 18 brauta keppnisvelli borgarinnar og hefur hann verið þar í bráðum 20 ár. Engu að síður eru blikur á lofti varðandi skipulag þess svæðis. Brýnt er að sá völlur verði einnig festur varanlega í sessi, en annað svæði undir frisbíggfvöllum fundið í snarheitum að öðrum kosti.





C.

Afmörkun brautar, uppbyggð flöt.

- Trjágróður
- Uppbyggð flöt



D.

Svæði fyrir 6-9 brauta þúttvöll

- Mögulegt svæði

FRISBÍGOLF - FJÖLDI IÐKENDA Í REYKJAVÍK

Um 50% 18-24 ára Reykvíkinga spiluðu árið 2020

Um 45% 25-34 ára Reykvíkinga spiluðu árið 2020

Tæplega 20% Reykvíkinga 18 ára og eldri spiluðu frísbíggolf árið 2020. Það eru yfir 20.000 manns. Athuga ber að inni í tölunni eru ekki unglingar og börn yngri en 18 ára. Augljóslega vantar því stóra hópa inn í tölurnar, sem eru engu að síður gríðarlega háar.

27,6% 18-24 ára spiluðu frísbíggolf oft í mánuði eða oft í viku. Þetta eru vel á fjórða þúsund sem stunda frísbíggolf reglulega, bara í þessum aldurshópi.

Um 15% Íslendinga, 18 ára og eldri, spiluðu frísbíggolf árið 2020, skv. sömu könnun. Það eru um 45.000 manns. Stærstur hluti iðkenda er í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu.

Frísbíggolfélag Reykjavíkur stendur fyrir æfingum og keppni í íþróttinni allan ársins hring. Á skipulögðum mótum félagsins 2020 voru alls 1790 keppendur, vel yfir 500 kennitölur.

Skipulögð mót, mótaraðir og viðburðir á vegum FGR voru alls 56 árið 2020. Þetta er tala þeirra móta sem haldin voru við strangar COVID-aðstæður. Fjöldi móta þurfti að fella niður. Frísbíggolf var ein öruggasta íþrótt ársins og sú sem bauð upp á hvað mesta möguleika á ástundun með sóttvörnum.

Heildarfjöldgun keppenda milli ára var 96,7%

Frísbíggolf er eitt best heppnaða lýðheilsuverkefni sem borgin hefur tekið þátt í síðasta áratug, bæði þegar litið er til vinsælda og kostnaðar við aðstöðu.

Í Reykjavík eru 7 frísbíggolfvællir í almenningsgörðum og á opnum svæðum. Eini vísir að keppnisaðstöðu og eini 18 brauta völlum borgarinnar er í Gufunesi. Þessi aðstaða er langt frá því að anna eftirspurn borgarbúa.

Nær öruggt er að iðkendum muni fjölga mikið á yfirstandandi ári, einkum þar sem sóttvarnir og samkomutakmarkanir munu ráða ríkjum fram eftir árinu.


Frísbíggolfélag Reykjavíkur hefur enga formlega aðstöðu til iðkunar, æfinga og keppni í þessari lýðheilsuþætandi íþrótt. FGR óskar eftir aðstoð borgarinnar við að koma henni á laggirnar.

Heimild: Gallup, Neyslu- og lífstílskönnun (NLG) 2020, upplýsingar sóttar í febrúar 2021

Valdar siur: Búseta - Þrískipt = Reykjavík; Könnunarár = 2020

Þróun

Hversu oft spilar þú frísbíggolf?



2020

(n = 445)

■ 3-4x í viku ■ 1-2x í viku ■ 1-3x í mán. ■ 5-11x á ári ■ Sjaldnar ■ Aldrei

Tímabil: Year

Niurstöður eru ekki birtar ef n<20

Sían könnunarár hefur ekki áhrif á þessa mynd


Lýðfræðigreining

■ 3-4x í viku ■ 1-2x í viku ■ 1-3x í mán. ■ 5-11x á ári ■ Sjaldnar ■ Aldrei

Kyn

Aldur - 6 flokkar

Búseta - Þrískipt




Menntun

Fjölskyldutekjur - 8 flokkar

A wide-angle photograph of a golf course green. In the center, a wooden basket stands on a small mound of grass. The background is a dense forest of evergreen trees under a cloudy sky. The foreground is a large, flat area of grass, mostly yellowish-brown, with some green patches. The text is overlaid in the lower half of the image.

Frisbígolfvöllur í Grafarholti/Leirdal
Stækkun úr 9 í 18 brautir. Framtíðarsvæði FGR
Yfirlit 2019

FRISBÍGOLFVÖLLURGRAFARHOLTI



Frisbi golf leikreglur

Fólf er spilað líkt og hefðbundið golf nema með frisbidiskum. Leikreglur er mjög einfaldar. Talin eru köstin sem tekur að koma disknum í körfuna og takmarkið er að fara allar brautir í sem fæstum köstum. Fyrsta kast er tekið af merktum teig og er það næsta tekið þar sem diskurinn liggur og þarf sá fótur sem er nær körfu að vera þar sem diskurinn lá.

Skipta má um diska á milli kasta. Sá spilarí sem lengst er frá körfu tekur fyrsta kast. Tillitsemi er stór hluti af leiknum. Sanngjarn er að mótspilari þinn fái að kasta án truflunar, það sama myndir þú vilja. Ekki kasta fyrir en þú er viss um að flug disksins og landing hans trufli ekki hina spilarana eða fólk sem er á svæðinu. Mikilvægt er að stíga ekki á plöntur eða skemma viðkvæman gróður.

Sýnum gangandi og hjólandi umferð á stigum sérstaka tillitsemi og þeim sem æfa bogfimi á túninu.

Góða skemmtun!

Frisbi golfvöllurinn í Grafarholti er einstakur í sinni röð. Hann er með best útbúnu völlum að því leyti að þar eru jafn góðir teigar fyrir öll getustig. Því geta bæði byrjendur, börn, fullorðnir, lengra komnir og besta keppnisfólk landsins stundað íþróttina á sínum forsendum í gríðarfallegu umhverfi í útjadrí vaxandi byggðar.

Þegar hugað er að tillögu um stækkun vallarins í 18 brautir er mikilvægt að hafa í huga sambýli við aðra útivist á svæðinu, tengingu nýrra brauta við núverandi brautir og síðast en ekki síst að stækkunin auki við útivistarmöguleika íbúa og gesta, en takmarki ekki. Lykillinn er að brjóta "nýtt" land undir völinn og þar með auka við aðgengi að þéttum og illfærum skógi.



ISLENSKA
FRISBÍGOLFSAMBANDIÐ
www.folf.is

Göngum vel um, skiljum ekki eftir rusl og sýnum gangandi og hjólandi tillitsemi.

Framkvæmdin

Helstu framkvæmdalidir eru:

1. Smíði og uppsetning teiga. 23-27 teigar alls.
2. Kaup og uppsetning á körfum. 9 körfur alls.
3. Grisjun og felling trjáa.
4. Uppsetning merkinga, stigagerð og umhverfisbætur.

1. Teigar

Hönnun teiga þarf að taka mið af staðsetningu og jarðvegi. Í meginatriðum skiptir mestu máli að teigarnir séu af réttri stærð, klæddir gervigrasi og séu því sem næst láréttir með örlitlum vatnshalla. Samkvæmt hönnunarstaðli frá [Hornsteinum/Hniti] er gert ráð fyrir að grafid sé niður fyrir frost, tréamma komid fyrir, fyllt með grús og sandi, þjappad vel og ramminn klæddur gervigrasi. Í Grafarholti eru nú tvær gerdir teiga. Þeir sem fyrr voru nefndir og síðan lausn sem ef til vill hentar betur í skóglendi þar sem önuget er að grafa 80 sm djúpa gryfju vegna rótarkerfa eða holtagrjóts. Þá eru steiptir niður fjórir akkerisstaurar og pallurinn smíðadur á þeim. Einnig hafa jarðvegsskrúfur reynst vel sem undirstöður undir bæði teiga og körfur og gæti sú lausn verið sú hagkvæmasta í flestum tilvikum í þessu verkefni. Það er svo háð mati og kunnáttu hönnunaraðila hvor lausnin hentar betur við tilteknar aðstæður og hvort síðari lausnin er líkleg til að endast árum saman eða hvort þörf sé á viðhaldi innan fárra ára. Að jafnadi eru þrjár teigar á hverri braut, einn fyrir hvert getustig.

2. Körfur

Körfurnar eru keyptar af innflutningsaðila og þurfa að standast fyrirsjáanlegt álag veðurs, vinda og fólks. Þær eru festar niður með skiltasteini sem grafinn er niður fyrir frost eða með kjarnaborun í holtagrjót. Mikilvægt er að burðarsúla körfunnar sé algerlega lóðrétt. Val á festingu tekur mið af hentugleikum og kostnadi í hverju tilviki.



Sandteigur, grafid niður fyrir frost og fyllt með grús og sandi.



Trépallur. Akkerisstaurar steiptir niður á fjórum hornum.



Jarðfesting körfu tekur mið af möguleikum og aðstæðum í hverju tilviki.



1. Grisjun og felling trjáa


Vid hönnun núverandi brauta var haft að leidarljósi að sem flestar þeirra væru við gönguleidir og stíga sem þegar voru fyrir hendi. Bæði vegna öryggissjónarmida og ekki síður vegna möguleika á að auka aðgengi að skóginum er æskilegt að hluti nýrra brauta verði á "nýjum" svæðum í skóginum. Hann þarf á sárlega á grisjun að halda til að dafna og til að verða aðgengilegur öllum almenningi. Lega brauta taki því mið af þessu og liggja bæði inni í skóginum og í þeim jöðrum sem fjær eru núverandi gönguleidum, stígum og vegi.

4. Uppsetning merkinga og umhverfisbætur.

Víð völlinn er vallarkort sem sýnir legu brautanna. Víð hvern teig er festur níður staur með merkingu fyrir víðkomandi braut og teig. Þar kemur fram númer brautar og vegalengdin að körfu.

Á hverri braut er auk þess eitt brautarskilti með útliti brautar og staðsetningu allra teiganna þriggja. Að síðustu er rask lagfært með tyrfingu og víðegandi frágangi. Möguleikar á nýtingu efnis sem fellur til víð brautagerðina eru á sama hátt margir, bæði víð frisbíggólvöllin sjálfan og eins í skóginum, t.d. víð gerð bekkja og nestisadstöðu.





Svæði fyrir nýjar brautir

Æskilegast væri að hanna legu nýrra brauta samkvæmt skipulaginu hér að ofan. Með því fæst góð og edlileg tenging við núverandi brautir. Í meginatriðum eru þetta þrjú svæði og uppdrátturinn sýnir stefnu nýju brautanna en ekki endanlega legu þeirra.


Grafarholt, braut 2, hugmyndavaki



Spíralll með aðkomu fyrir sláttuvél.
Efni sem fellur til við grisjun
skógarins, að hluta.

Tampere í Finnlandi





Þrjú meginsvæði

Svæðin merkt A, B og C liggja vel við stækkun og til framtíðarnota og uppbyggingu fyrir frísbíggjvöll og tilheyrandi æfingaadstöðu. Núverandi völlum er innan gulu línunnar að mestu leyti. Flatlendid sunnan við slegna völlum er kjörð fyrir opna braut eða æfingaadstöðu. Slegni völlum sjálfur, sunnanverður, hentar vel til frísbíggjæfinga og þar mætti setja upp fasta æfingaadstöðu með þremur körfum eða litlum þúttvelli.

Adrir möguleikar

Þessar tillögur miða við að finna frísbíggjvellinum stad til framtíðar þar sem samhliða mætti byggja upp adstöðu til æfinga og framtíðarsvæði Frísbíggjfélag Reykjavíkur með adstöðuhúsi og félagshúsi þegar fram líða stundir. Með vel skilgreindu svæði undir starfseminu verður uppbyggingin markvissari og fjárfestingin til langs tíma.

4.5.7. Frisbígolf

Afmarkað er svæði inn af Leirdal. Í dag er að finna 9 holu völl í jaðri deiliskipulagssvæðisins. Heimilt er að stækka svæðið þannig að úr verði 18 holur völlur. Völlurinn verði stækkaður inn í skóginn með grísjun.



Mynd 7. Mögulegt stækkunarsvæði fyrir núverandi frisbígolfvöll, núverandi svæði sýnt með gulri útlínu og stækkunarmöguleikar með blárrí.

4.5.8. Bílastæði og reiðhjólstæði

Bílastæði verða á nokkrum stöðum en um er að ræða stærri bílastæði við helstu áningasvæði með 10 stæðum eða fleirum. Þar skal jafnframt gert ráð fyrir hjólstæðum. Minni bílastæði fyrir færri en 10 bíla eru dreifð um svæðið við upphaf mismunandi gönguleiða.

4.6. Veitur

Afmarkað er svæði utan um stofnkerfi veita á Hólmsheiði (VH) og þar eru heitavatnstankar Veitna. Vatn er leitt þangað í pípum frá Nesjavallavirkjun og áfram í heitavatnstanka í Grafarholti. Hluti pípanna liggja ofanjarðar.

Hitaveita

Núverandi lagnir

Flutningslagnir Veitna liggja frá Nesjavöllum (800 mm) og Hellsheiðarvirkjun (900 mm) að svæði á Reynisvatnsheiði þar sem Veitur reka 3 hitaveitutanka, stýri- og lokahús, auk ca. 10 þús. m² geymslusvæðis. Þaðan liggja flutninglagnir að Grafarholti, að Suðursvæðum (Árbæ, Breiðholti, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði) frá dælustöð á Reynisvatnsheiði. Auk þessa liggur dreifilögn þaðan sem skiptist annars vegar að hesthúsabyggðinni í Almannadal og hins vegar að spennivirki LN, ásamt áætlaðu athafnasvæði á Hólmsheiði.

Áform hitaveitu Veitna nær í tíma

- Byggja nýjan hitaveitugeymi nr. 4, á Reynisvatnsheiði innan mjög fárra ára.
- Reisa geymsluskemmu í tengslum við geymslusvæðið.
- Leggja dreifilagnir að nýrri byggð á Hólmsheiði.

Áform hitaveitu Veitna fjær í tíma





- Tvöfalda Suðuræð (DN900 pípa), frá dælustöð á Reynisvatnsheiði að lokahúsi við Rauðavatn.
- Reisa uppblöndunarstöð f. bakvatn.
- Reisa nýja hitaveitugeyma nr. 5 og nr. 6.
- Möguleg tvöföldun Hellsheiðaræðar (e. 2030)

Kalt vatn

Núverandi lagnir

A wide-angle photograph of a disc golf course in Reykjavik, Iceland. The foreground is a large, open field with a mix of yellow and green grass, showing some wear and tear. In the middle ground, a wooden disc golf basket stands on a small rise. The background is a dense forest of evergreen trees, and the sky is overcast and grey. The text "Frisbígolf í Reykjavík" is overlaid in white at the bottom center.

Frisbígolf í Reykjavík



Frisbíggolf í Reykjavík

Sjö vellir eru í Reykjavík. Allir í eigu og umsjá borgarinnar. Öll geta spilað endurgjaldslaust. Vellirnir eru í almenningsgördum og á útivistarsvæðum. Þeir eru á Klambratúni, í Laugardal, Fossvogi, Seljadal, Breidholti, Gufunesi og Grafarholti. Fólk nýtir þessi mannvirki borgarinnar ótrúlega mikið og höfðar frisbíggolf til allra aldurshópa, þótt stærsti hluti idkenda sé á aldrinum 16-40 ára. Stór hópur idkenda hefur löngum verið fólk sem alla jafna fordast skipulegt starf hefðbundinna boltagreina og fær með frisbíggolfi hreyfingu sem ella væri lítil sem engin.

Gríðarlegur vöxtur

Sumarið 2020 voru öll fyrri met slegin í aukinni þátttöku almennings. Krakkar og fólk á menntaskóla- og háskólaaldri komst ekki í ræktina, komst ekki í bíó eða hefðbundna afþreyingu. Þess í stað streymdi það á frisbíggolfvöllina og útivistarsvæðin þar sem stunda mátti til þess að gera öruggt félagslíf og afþreyingu. Vegna gríðarlegrar fjölgunar idkenda er mikil þörf að bæta aðstöðuna og auka öryggi svo fleiri geti stundað þessa skemmtilegu og hollu tómstundaidju.

INNIFALIÐ Í FÉLAGSADILD


	JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MÁI			JÚNÍ			JÚLÍ			ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NOVEMBER			DESEMBER							
1	FÓS	CI9 TAKMÖRK	1	MÁN		1	MÁN		1	FIM	SKRIDDAGUR	1	LAU		1	PRI		1	FIM	FIMMTUDAGSD. 2	1	SUN		1	MID		1	FÓS		1	MÁN		1	MID		1	MID	LIÓASERÍA			
2	LAU	CI9 TAKMÖRK	2	PRI	ÞÚTTDEILD	2	PRI		2	FÓS	FÓSLANGI	2	SUN		2	MID		2	FÓS		2	MÁN		2	FIM		2	LAU		2	PRI	ÞÚTTAEFING	2	FIM		2	FIM	LIÓASERÍA			
3	SUN	CI9 TAKMÖRK	3	MID	LIÓASERÍA	3	MID	LIÓAS	3	LAU		3	MÁN		3	FIM		3	LAU		3	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 3	3	FÓS		3	SUN	SUNNUDAGSD. 2	3	MID	LIÓASERÍA	3	FÓS		3	FÓS	EGILSHÖLL			
4	MÁN	CI9 TAKMÖRK	4	FIM		4	FIM		4	SUN	PÁSKADAGUR 2. PÁSKUM	4	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 1	4	FÓS	AKUREYRI OPEN	4	SUN		4	LAU		4	MÁN		4	LAU		4	MÁN		4	LAU		4	LAU	EGILSHÖLL			
5	PRI	CI9 TAKMÖRK	5	FÓS		5	FÓS		5	MÁN		5	MID		5	LAU	AKUREYRI OPEN	5	MÁN		5	FIM	FIMMTUDAGSD. 2	5	SUN		5	PRI		5	FÓS		5	FÓS		5	SUN	KULDAKAST			
6	MID	CI9 TAKMÖRK	6	LAU		6	LAU		6	FIM		6	FIM	FIMMTUDAGSD. 1	6	PRI		6	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 2	6	FÓS		6	MÁN		6	MÁN		6	MID	BJARTSÝNISKAST	6	LAU		6	MÁN	EGILSHÖLL			
7	FIM	CI9 TAKMÖRK	7	SUN	KULDAKAST	7	SUN	SUNNUDAGSD. 1	7	FÓS	UPPKAST	7	FÓS		7	MÁN		7	MID		7	LAU		7	LAU	ÞRÍDJUDAGSD. 3	7	FIM		7	FIM		7	PRI	ÞÚTTAEFING	7	PRI	ÞÚTTAEFING			
8	FÓS	CI9 TAKMÖRK	8	MÁN		8	MÁN		8	MÁN		8	LAU		8	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 1	8	LAU	FIMMTUDAGSD. 2	8	SUN		8	MID		8	FÓS		8	MÁN		8	MÁN		8	MID	LIÓASERÍA			
9	LAU	CI9 TAKMÖRK	9	PRI	ÞÚTTDEILD	9	PRI		9	FÓS		9	SUN		9	MID		9	FÓS		9	MÁN		9	FIM		9	LAU		9	PRI	ÞÚTTAEFING	9	FIM		9	FIM	LIÓASERÍA			
10	SUN	CI9 TAKMÖRK	10	MID	LIÓASERÍA	10	MID	UPPKAST	10	LAU		10	MÁN		10	MÁN		10	LAU		10	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 3	10	FÓS		10	SUN	SUNNUDAGSD. 2	10	MID		10	MID		10	FÓS	EGILSHÖLL			
11	MÁN	CI9 TAKMÖRK	11	FIM		11	FIM		11	SUN	SUNNUDAGSD. 1	11	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 1	11	FÓS		11	SUN		11	SUN		11	MID		11	LAU	ÞORRAMÓTIÐ	11	MÁN		11	FIM		11	LAU	EGILSHÖLL			
12	PRI	CI9 TAKMÖRK	12	FÓS		12	FÓS		12	MÁN		12	MID		12	LAU		12	MÁN		12	FIM	FIMMTUDAGSD. 2	12	SUN		12	PRI	ÞORRAMÓTIÐ	12	PRI		12	SUN		12	SUN	KULDAKAST			
13	MID	LIÓASERÍA	13	LAU		13	LAU		13	FIM		13	FIM	FIMMTUDAGSD. 1	13	SUN		13	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 2	13	FÓS		13	MÁN		13	MID		13	MID	BJARTSÝNISKAST	13	LAU		13	MÁN	EGILSHÖLL			
14	FIM		14	SUN	KULDAKAST	14	SUN	SUNNUDAGSD. 1	14	MID	UPPKAST	14	FÓS		14	MÁN		14	MID		14	LAU		14	PRI		14	PRI		14	FIM		14	PRI	ÞÚTTAEFING	14	PRI	ÞÚTTAEFING			
15	FÓS		15	MÁN		15	MÁN		15	LAU		15	LAU		15	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 2	15	FIM	FIMMTUDAGSD. 2	15	SUN		15	MID		15	FÓS		15	MÁN		15	MÁN		15	MID	LIÓASERÍA			
16	LAU		16	PRI	ÞÚTTDEILD	16	PRI		16	SUN		16	SUN		16	MID		16	FÓS		16	MÁN		16	FIM		16	LAU		16	PRI	ÞÚTTAEFING	16	FIM		16	FIM	LIÓASERÍA			
17	SUN	KULDAKAST	17	MID	LIÓASERÍA	17	MID	UPPKAST	17	LAU		17	MÁN		17	MÁN	17. Júní	17	LAU		17	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 3	17	FÓS		17	PRI		17	SUN	SUNNUDAGSD. 2	17	MID		17	FÓS	EGILSHÖLL			
18	MÁN		18	FIM		18	FIM		18	SUN	SUNNUDAGSD. 1	18	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 1	18	FÓS	SÓLSTÖÐUMÓTIÐ	18	SUN		18	SUN		18	MÁN		18	LAU	ÁRSHÁTIÐ FGR	18	MÁN		18	FIM		18	LAU	EGILSHÖLL			
19	PRI	ÞÚTTAEFING	19	FÓS		19	FÓS		19	MÁN		19	MID		19	MID		19	LAU	SÓLSTÖÐUMÓTIÐ	19	MÁN		19	FIM		19	SUN		19	PRI		19	SUN		19	SUN	KULDAKAST			
20	MID	LIÓASERÍA	20	LAU		20	LAU		20	FIM		20	FIM	FIMMTUDAGSD. 1	20	SUN		20	SUN	SÓLSTÖÐUMÓTIÐ	20	FÓS		20	MID		20	MÁN		20	MID	BJARTSÝNISKAST	20	LAU		20	MÁN	EGILSHÖLL			
21	FIM		21	SUN	KULDAKAST	21	SUN	SUNNUDAGSD. 1	21	MID		21	FÓS	REYKJAVÍK OPEN	21	MÁN		21	MID		21	FIM		21	PRI		21	FIM		21	FIM		21	PRI	ÞÚTTAEFING	21	PRI	ÞÚTTAEFING			
22	FÓS		22	MÁN		22	MÁN		22	FIM	FIMMTUDAGSD. 1	22	LAU	REYKJAVÍK OPEN	22	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 2	22	FIM		22	SUN		22	MID		22	FÓS		22	MÁN		22	MÁN		22	MID		22	MID	
23	LAU		23	PRI	ÞÚTTDEILD	23	PRI		23	FÓS		23	SUN		23	SUN		23	FÓS	NORÐURLMÓT	23	MÁN		23	FIM		23	LAU		23	PRI	ÞÚTTAEFING	23	FIM		23	FIM	ÞORLAKSMESSA			
24	SUN	KULDAKAST	24	MID	LIÓASERÍA	24	MID	UPPKAST	24	LAU		24	MÁN		24	FIM		24	LAU	NORÐURLMÓT	24	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 3	24	FÓS		24	SUN	SUNNUDAGSD. 2	24	PRI	LIÓASERÍA	24	MID		24	FÓS	ADFANGADAGUR			
25	MÁN		25	FIM		25	FIM		25	SUN		25	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 1	25	FÓS		25	SUN	NORÐURLMÓT	25	MID		25	MID		25	MÁN		25	FIM		25	LAU		25	LAU	SÓLADAGUR			
26	PRI	ÞÚTTDEILD	26	FÓS		26	FÓS		26	MÁN		26	MÁN		26	MÁN		26	MÁN		26	PRI		26	SUN		26	PRI		26	FÓS		26	FÓS		26	SUN	ANNAR Í JÓLUM			
27	MID	LIÓASERÍA	27	LAU		27	LAU		27	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 1	27	FIM	FIMMTUDAGSD. 1	27	SUN		27	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 2	27	FÓS		27	MÁN		27	MÁN		27	MID	BJARTSÝNISKAST	27	LAU		27	MÁN	EGILSHÖLL			
28	FIM		28	SUN	KULDAKAST	28	SUN	SUNNUDAGSD. 1	28	MID		28	FÓS		28	MÁN		28	LAU		28	PRI		28	FIM		28	FIM		28	FIM		28	MÁN		28	PRI	KULDAKAST			
29	FÓS		29	MÁN		29	MÁN		29	FIM	FIMMTUDAGSD. 1	29	LAU		29	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 2	29	FIM	FIMMTUDAGSD. 2	29	SUN		29	MID		29	FÓS		29	MÁN		29	MÁN		29	MID		29	MID	
30	LAU		30	PRI		30	PRI		30	FÓS		30	SUN		30	MID		30	FÓS		30	MÁN		30	FIM		30	LAU		30	PRI	ÞÚTTAEFING	30	FIM		30	FIM				
31	SUN	KULDAKAST	31	MID		31	MID	UPPKAST	31	FÓS		31	MÁN		31	MÁN		31	LAU		31	PRI	ÞRÍDJUDAGSD. 3	31	SUN		31	SUN	SUNNUDAGSD. 2	31	FÓS		31	FÓS		31	FÓS	GAMLAÞINGADAGUR			

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM ÓFYRIRSJÁANLEGAR BREYTINGAR

Frisbíggólfélag Reykjavíkur

FGR er íþrótt- og hagsmunafélag frisbíggólfara í Reykjavík. Markmið félagsins er að vinna að uppbyggingu íþróttarinnar, sinna fræðslu, kennslu og leidsögn í frisbíggólfu og um frisbíggólf. Félagið beitir sér fyrir uppbyggingu aðstöðu til idkunar, æfinga og keppni. Félagið er aðili að ÍBR.

FGR stendur fyrir æfingum allt árið fyrir unga og eldri spilara. Félagið sinnir fræðslu og leidsögn í samvinnu við skóla, félags- og frístundamidstöðvar önnur íþróttafélög og hagadila. Félagið stendur fyrir mótum og keppni í íþróttinni allan ársins hring og eru mót og viðburdir yfir 60 talsins í ár.



Frumdrög hönnunar nýrra brauta

Bláar örvar tákna brautir sem nú eru komnar upp. Bleiku örvarnar tákna möguleg brautarstæði stækkunarinnar. Góður völlum blandar saman opnum brautum fyrir 120-160 metra köst á þar 4-5 (170-300m brautir) og þrengri tæknilegum skógarbrautum upp á 70-120 metra.

Þessi frumdrög eru aðeins til viðmiðunar. Endanleg hönnun brautarstæða tekur edlilega mið af því hvaða landsvæði verður úthlutað undir stækkun vallarins.